

REGLUGERÐ

um trúnaðarmenn fatlaðs fólks.

1. gr.

Skipun trúnaðarmanna.

Velferðarráðherra skýpar trúnaðarmenn fatlaðs fólks að fengnum tillögum frá heildarsamtökum fatlaðs fólks. Þá eina má skípa trúnaðarmenn sem hafa þekkingu og reynslu af málefnum fatlaðs fólks. Leitast skal við að skípa trúnaðarmenn sem hafa menntun sem nýtist í starfi trúnaðarmanns.

Trúnaðarmenn skulu skípaðir til fjögurra ára í senn. Þó getur ráðherra ákveðið að skipunartíminn sé styttri ef aðstæður krefjast. Við skipun skal hverjum trúnaðarmanni sett erindisbréf þar sem fram koma þær kröfur sem til hans eru gerðar, þóknun og fjöldi tíma sem trúnaðarmaður skal skíla á móti þeirri þóknun.

2. gr.

Fjöldi trúnaðarmanna.

Trúnaðarmenn skulu vera átta talsins og skiptast þeir milli landshluta með eftirfarandi hætti:

- Á þjónustusvæði Reykjavíkur og Seltjarnarness skulu starfa tveir trúnaðarmenn.
- Kópavogur, Garðabær, Álftanes, Mosfellsbær og Kjós skulu hafa sameiginlegan trúnaðarmann.
- Hafnarfjörður og Suðurnes skulu hafa sameiginlegan trúnaðarmann.
- Vesturland og Vestfirðir skulu hafa sameiginlegan trúnaðarmann.
- Norðurland vestra, Akureyri og Norðurþing skulu hafa sameiginlegan trúnaðarmann.
- Austurland og Hornafjörður skulu hafa sameiginlegan trúnaðarmann.
- Vestmannaeyjar og Suðurland skulu hafa sameiginlegan trúnaðarmann.

Velferðarráðuneytið skal útvega trúnaðarmönnum starfsaðstöðu og annað sem þeim er nauðsynlegt vegna starfs síns. Ráðuneytinu er heimilt að semja við samtök fatlaðra um að leggja trúnaðarmanni til starfsaðstöðu þar sem því verður við komið.

3. gr.

Hlutverk trúnaðarmanns.

Trúnaðarmenn skulu fylgjast með högum fatlaðs fólks og vera því innan handar við réttindagæslu hvers konar, hvort sem það er vegna meðferðar einkafjármuna þess, þjónustu sem það á rétt á eða varðandi önnur persónuleg réttindi eða einkamál þess.

Þúfi hinn fatlaði einstaklingur á heimili fyrir fatlað fólk skal forstöðumaður viðkomandi heimilis veita trúnaðarmanni þær upplýsingar sem honum eru nauðsynlegar vegna starfs síns. Þegar um er að ræða upplýsingar sem varða persónuleg atriði eða upplýsingar um einkafjármuni hins fatlaða einstaklings skal leita eftir samþykki hans eða þess sem heimild hefur til þess að koma fram fyrir hans hönd.

Trúnaðarmaður skal vera sýnilegur í störfum sínum, halda reglulega fundi með fíttluðu fólki á sínu svæði og standa fyrir fræðslu fyrir fatlaða einstaklinga og þá sem veita þeim þjónustu.

4. gr.

Málsmeðferð trúnaðarmanns.

Fatlaður einstaklingur, sem telur að réttur hans sé fyrir borð borinn, aðstandendur hans, þjónustuaðili eða starfsmenn þjónustuaðila, samtök fatlaðs fólks, sá sem kemur fram fyrir hans hönd eða hver sá sem lætur sig málefni fatlaðs fólks varða og telur að réttur fatlaðs einstaklings sé fyrir borð borinn, getur tilkynnt það trúnaðarmanni á viðkomandi svæði. Einnig getur hver sá sem verður vitni að atviki sem vekur grun um að verið sé að brjóta gegn réttindum fatlaðs einstaklings tilkynnt atvikið til trúnaðarmanns. Trúnaðarmaður skal veita hinum fatlaða einstaklingi nauðsynlegan stuðning og kanna málið. Trúnaðarmaður getur einnig hvenær sem er tekið upp mál að eigin frumkvæði. Leiði könnun trúnaðarmanns til þess að hann telji rétt fatlaðs einstaklings fyrir borð borinn aðstoðar trúnaðarmaður hinn fatlaða við að leita réttar síns miðað við atvik máls hverju sinni.

Trúnaðarmaður getur, ef hann telur málið þess eðlis, komið ábendingum um úrbætur á framfæri við hlutaðeigandi og gefið viðkomandi frest til að verða við ábendingunum. Verði ekki orðið við ábendingum trúnaðarmanns eða trúnaðarmaður metur málið þess eðlis að rétt sé að kæra málið beint til úrskurðarnefndar félagsþjónustu og húsnæðismála skal trúnaðarmaður aðstoða hinn fatlaða við kæru og vera honum innan handar varðandi rekstur málsins óski hinn fatlaði einstaklingur eftir því.

Trúnaðarmaður skal meta í hverju tilviki fyrir sig, í samráði við hinn fatlaða einstakling, hvort rétt sé að tilkynna mál sem honum berast með framangreindum hætti til velferðarráðuneytisins sem geri viðeigandi ráðstafanir.

Telji trúnaðarmaður sig þurfa á leiðbeiningum eða aðstoð að halda varðandi einstök mál skal hann snúa sér til velferðarráðuneytisins sem skal tilnefna starfsmann sem hefur það hlutverk að vera trúnaðarmönnum til aðstoðar við rækslu starfa þeirra.

Trúnaðarmaður fatlaðs fólks skal gæta ákvæða stjórnsýslulaga og upplýsingalaga í störfum sínum.

5. gr.

Eftirlit og fræðsla.

Trúnaðarmaður skal halda skrá yfir mál sem honum berast, meðferð þeirra og afgreiðslu. Skal hann taka mál sem honum berast til meðferðar svo fljótt sem kostur er og eigi síðar en 14 dögum eftir að mál berst honum. Trúnaðarmaður skal fyrir 1. apríl ár hvert skila skýrslu til velferðarráðuneytisins þar sem gerð skal grein fyrir störfum trúnaðarmanns á liðnu almanaksári.

Velferðarráðuneytið skal funda með trúnaðarmönnum fatlaðs fólks ár hvert þar sem farið er yfir skýrslur trúnaðarmanna. Ráðuneytið skal einnig standa fyrir fræðslu- og samráðsfundum fyrir trúnaðarmenn eigi sjaldnar en tvisvar á ári. Ráðuneytið skal sjá um fræðslu til nýrra trúnaðarmanna og að trúnaðarmenn séu ávallt upplýstir um það sem best þykir í þjónustu við fatlað fólk.

Hafi fatlaður einstaklingur, aðstandendur hans, heildarsamtök fatlaðs fólks, aðrir þeir sem láta sig málefni fatlaðra einstaklinga varða eða þjónustuaðilar athugasemdir við starfsemi trúnaðarmanna fatlaðs fólks skal þeim komið á framfæri við velferðarráðuneytið.

6. gr.

Þagnarskylda.

Trúnaðarmaður skal gæta þagnarskyldu um þau atvik sem honum verða kunn í starfinu og leynt eiga að fara vegna persónulegra hagsmuna hins fatlaða einstaklings og almannahagsmuna. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

7. gr.
Gildistaka.


Reglugerð þessi, sem sett er með stöð í 37. gr. laga um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992, með síðari breytingum, tekur þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ráðherra er heimilt, þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 2. gr. að skipa trúnaðarmenn fatlaðs fólks til eins árs í fyrsta skipti árið 2011 meðan verið er að vinna að lögum um réttindagæslu fyrir fatlað fólk. Áður en trúnaðarmenn eru aftur skipaðir skal endurskoða fjölda og dreifingu trúnaðarmanna að fenginni reynslu.

Velferðarráðuneytinu, 22. febrúar 2011

Guðbjartur Hannesson.



Guðrúnur Þorsteinsdóttir.

The first part of the document discusses the importance of maintaining accurate records of all transactions. It emphasizes that every entry should be supported by a valid receipt or invoice. This ensures transparency and allows for easy verification of the data.

In the second section, the author outlines the various methods used to collect and analyze the data. This includes both manual and automated processes. The goal is to ensure that the data is as accurate and reliable as possible.

The third part of the document provides a detailed breakdown of the results. It shows that there is a clear trend in the data, which is consistent with the initial hypothesis. This finding is significant and warrants further investigation.

Finally, the document concludes with a summary of the key findings and a list of recommendations for future research. It suggests that more data should be collected over a longer period to confirm the results.